

Íslenska fyrir lengra komna: að tala með eða tala við?

Ég þarf að tala við þig. Eða þarf ég að tala með þér? Eða kannski með þig?

Ef þú átt íslensku sem móðurmál þarft þú kannski ekki að lesa lengra. Þú skilur jafnvel ekki spurninguna. Fyrir okkur hin getur stundum verið hausverkur að muna hvort við tölum *við* einhvern/einhverjum eða tölum *með* einhvern/einhverjum þegar við tölum saman. Að spyrja „viltu tala með mig?“ eða „viltu tala með mér?“ eru ekki bara byrjendamistösk. Ef þetta er spurning sem brennur á þér (til dæmis af því að þú ert að fara í íslenskupróf) getum við vonandi hjálpað þér.

Eiginlega eru þetta tvö vandamál:

1. Með eða við? Forsetningarnar *með* og *við* hafa mjög svipaða merkingu svo það er algengt að rugla þeim saman.
2. Einhvern eða einhverjum? Forsetningar *með* og *við* geta stýrt annað hvort þolfalli eða þágufalli svo það er engin ein auðveld regla sem dekkar þær. Það fer oft eftir samhengi.

Að tala við

Venjulega þegar við hittum fólk tölum við *við* það. Við + þolfall.

Til dæmis:

Ég talaði *við mömmu mína* í gær.

Hann þarf að tala *við kennarann*.

Þegar fólk gerir annað saman en að tala er algengt að nota *með* og þágufall. Til dæmis: Ég fór *með mömmu minni* í leikhús í gær. Þess vegna getur verið erfitt að muna að *tala* er öðruvísi.

Af öðrum Norðurlandamálum er það bara færeyska sem notar *við* eins og við: *Eg má tosa við teg*. Á norsku þurfum við að tala „med deg“. Á dönsku og sænsku þurfum við að tala „med dig“. En aldrei þessu vant er enskan vinur þinn. Ímyndaðu þér enska leikskáldið Shakespeare að stíga á sviðið: *I speake with thee = ég tala við þig*. Loksins getur enskukunnátta hjálpað okkur í þessu íslenskuferðalagi.

Þetta eru góðu fréttirnar.

Vondu fréttirnar eru þær að það getur líka verið rétt að tala *með einhverjum*. En merkingin er aðeins önnur.

Að tala með

Við notum yfirleitt „tala með“ þegar við tölum um það hvernig einhver talar eða með hvernig hætti. Þá notum við þágufall.

Til dæmis:

Ævar talar með sterkum íslenskum hreim.

Daniela talar með stolti.

Kim talar með augunum.

Þekkir þú verkefnið „[Spjöllum með hreim](#)“ hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur? Þú og hreimur þinn eruð ekki að spjalla saman. Með lýsir því *hvernig* við tölum.

Undantekningin: Við tölum (eða tölum ekki) *með fullan munninn*. Þólfall. Þarna erum við að lýsa því að það er matur í munninum á meðan við tölum. Við erum vonandi ekki að tjá okkur með matnum. Við erum með fullan munninn og við erum að tala. Ekki gera það samt. Plís. Þá þarft þú ekki að muna að nota þólfall.

Við notum líka „að tala með“ þegar við erum að rökræða um eitthvað umdeilt mál, til dæmis um styttingu vinnuvikunnar, veggjöld eða notkun gervigreindar í skólum. Við getum talað *með* eða *á móti* þessu máli. Þá notum við gamla góða þágufallið.

Dæmi: Við ræddum um styttingu á opnunartíma leikskóla. Emm talaði *með henni* en Enn talaði *á móti*.

Þess vegna þarf það ekki að vera kolrangt að tala *með fólki*. Það þýðir bara ekki það sama og að tala *við fólk*.

En ekki gráta. Talaðu bara við okkur.

Umsóknarfrestur um nám í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands er til 20. maí.

Mynd: Unsplash, Bewakoof.com official.